

Landsþjónustufundur – stutt fundargerð 28.4.2014

Mál á dagskrá:

Heimsráðstefna

Rætt var um komandi heimsráðstefnu í september nk. Útdráttur úr fréttabréfi um ráðstefnuna verður settur á heimasíðu GSA. Á ráðstefnuna fara 5 manns frá Íslandi.

Verkaskipting landsþjónustunefndar

Rætt var um verkaskiptingu landsþjónustunefndar_og skerpt á hlutverkum.

Nefndir á vegum samtakanna

SOS-nefnd (12. spors fulltrúi) hefur ekki verið starfandi að undanfögnu. Einn félagi hefur boðist til að sinna því starfi. Hugmynd kom fram um að þetta verði rætt meðal deildarfulltrúa og deildir tilnefni 12. spors fulltrúa.

Deildarfulltrúafundur

Rætt var um að fá deildir til að skiptast á að hýsa deildarfulltrúafundi með landsþjónustu (sem eru oftast tvisvar á ári). Næsti slíki fundur er fyrirhugaður eftir heimsráðstefnuna í lok september. Þar verði SOS-mál og heimsráðstefnan fyrst og fremst rædd.